

Ed.

228. Nefndarátt

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um frv. þetta eins og það liggur fyrir. Mjer er óljúft að ganga inn á einkasölu á tilbúnum áburði, annarsvegar vegna þess, að jeg sje enga ástæðu til þess, að ríkið taki að sjer einkasölu á þessari vörutegund fremur en einhverri annari, nema ef vera skyldi, að þetta væri byrjunin frá stjórnarinnar hálfu til ríkiseinkasölu á flestum tegundum af nauðsynjavöru. Hinsvegar þykir mjer uggvænt um, að áburðurinn verði, þegar til alls kemur, notendum dýrari með ríkiseinkasölufrirkomulagi heldur en með frjálsri samkeppi. Þar að auki hygg jeg, að ríkiseinkasalan verði til þess, að ýmsum notendum áburðarins veiti erfiðara að útvega sjer hann heldur en á sjer stað með því frirkomulagi, sem á sjer stað.

Jeg tel ennfremur enga nauðsyn bera til þess, að ríkið kosti flutning á tilbúnum áburði til landsins. Hitt virðist mjer sýnu nær, að ríkið kosti flutning áburðarins hafna á milli, eftir að hann er til landsins kominn, og ennfremur að ríkið taki þátt í flutningi frá hafnarstöðum og upp í sveitirnar. Með því yrði bændum, sem fjarri hafnarstað búa, gert ljettara fyrir að nota áburðinn. Yrði með þessu móti skapað meira jafnrjetti milli þeirra, sem nálægt kaupstað búa, og hinna, sem búa fjarri hafnarstað.

Þá þykir mjer og kátlegt, að eftir frv. virðist ekki ætlast til þess, að kaupmönnum og einstaklingum, sem ekki hafa verslað við kaupfjelög, sje gefinn kostur á að fá keyptan áburðinn nema með vissum milliliðum.

Mjer virðist nauðsyn bera til þess, að nægar birgðir sjeu til af áburðinum fyrirbyggjandi á flestum eða öllum hafnarstöðum á þeim tíma árs, sem áburðurinn er helst notaður.

Þar sem jeg býst við, að árangurslaust muni reynast að koma með breytingartillögur í þessari háttv. deild, sem ganga í þá átt, er jeg hefi getið um, tel jeg það þýðingarlaust og legg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 16. febr. 1928.

Jónas Kristjánsson.